


Gallblöðrutaka



Gallblaðran er fjarlægð í skurðaðgerð oftast vegna fylgikvilla gallsteina eins og gallsteina-verkja eða bólgu. Aðgerðin er gerð í svæfingu og er oftast gerð með kviðsjá, gegnum fjóra skurði (1-2 cm) á kviðvegg en í einstaka tilfellum þarf að gera kviðarholsskurð.

Náttúru- og fæðubótarefnir

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurð-aðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikil-vægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbaklaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símvíðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfæðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að fara yfir heilsufar með tilliti til svæfingar og veita tækifæri til spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarvíðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Gott er að hafa lyfjalista tiltækan, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka viss lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp í tengslum við fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði, uppköst eða annað er mikilvægt að segja frá því.

Í símvíðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelí ef þörf er á.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér þægileg fót, inniskó og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og þrifa naflann með bómullarpinna. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgripi.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Fyrir aðgerð þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dag- eða legudeild. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrt um sinn og borið getur á ógleði fyrt eftir aðgerð. Boðið er upp á léttá máltíð fyrir heimferð.

Verkir

Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Engir
verkir

Vægir
verkir

Miðlungs
verkir

Miklir
verkir

Gríðarlegir
verkir

Þvaglát

Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljóttlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Útskrift

Útskrift er áætluð um fjórum klukkustundum eftir aðgerð. Stundum er þó þörf á innlögn yfir nótt.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Upplýsingar um eftirlit:
 - Símtal
 - Endurkomutími hjá læknii
 - Bréf í Heilsuveru með niðurstöðu vefjasýnis

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við að finna fyrir verkjum á skurðsvæði fyrstu dagana eftir aðgerð. Þegar aðgerð er gerð með kviðsjá er lofti dælt í kviðarhol en við það getur komið fram erting á þind sem veldur verkjum sem leiða upp í axlir, en hverfa innan fárra daga. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir seinka bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Matur og drykkur

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar. Þó finna allt að 10 af hverjum 100 (10%) meltingaróþægindi eftir aðgerðina sem lýsa sér með skertu fituþoli og lausum hægðum. Hver og einn þarf að meta hvort einhver einkenni tengd fæðu séu til staðar eftir gallblöðrutöku og þá mögulega að breyta fæðuvali samkvæmt því eða hafa samband við heimilislækni ef einkenni eru umtalsverð. Gott er að borða trefjaríka fæðu og drekka vel til að forðast hægðatregðu.

Þvaglát

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina.

Skurðsár

Ef aðgerðin er framkvæmd í kviðsjá er skurðsárum lokað með saumi sem eyðist af sjálfa sér. Yfir þeim er húðlím eða litlir límplástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en þeir losna sjálfir frá húðinni eða eftir 10-14 daga. Gott er að nota spegil við að skoða sárin en forðast þó alla óþarfa snertingu. Fylgiast þarf með últíti skurðsárs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlagt að fara í baðkar eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð meðan sárin eru að gróa. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð.

Hreyfing

Hæfileg hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata. Forðast þarf áreynslu á kvið og líkamsraekt í tvær vikur eftir aðgerð.

Vinna

Æskilegt er að taka frí frá vinnu í 5–10 daga eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild kviðarholsskurðlækninga ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Hiti er hærri en 38,5°C
- Roði, bólga eða gröftur sést við skurðsár
- Erfiðleikar við þvaglát, þrátt fyrir þvagþörf

Í bráðatilvikum er ráðlagt að leita á bráðamóttöku

Símanúmer

Ef spurningar vakna eða einhver af umræddum einkennum eru til staðar vinsamlegast hafðu samband við göngudeild kviðarholsskurðlækninga í síma 543 2200, kl. 08:00-15:00 virka daga. Þá færðu samband við ritara sem biður hjúkrunarfæðing að hringja í þig til baka.